Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 35., 37. og 39. tbl. Lögbirtingablaðs 1977 á hluta í Sóleyjargötu 7, þingl. eign Jóhönnu Árnmundsdóttur fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudag 2. október 1978 kl. 16.30
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

annað og síðasta á Síðumúla 30, þingl. eign Emils Hjartarsonar fer fram á eigninni sjálfri mánudag 2. október 1978 kl. 10.30.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar

DANSKENNSLA

Í Reykjavík - Kópavogi - Hafnarfirði.

Innritun daglega kl. 10-12 og 1-7.
Börn - unglingar - fullorðnir (pör eða einst.)

Kennt m.a. eftir Alþjóðadanskerfinu, einnig fyrir: BRONS — SILFUR — GULL. ATHUGIÐ: ef hópar, svo sem félög eða klúbbar, hafa áhuga á að vera saman í tímum, þá vinsamlega hafið samband sem allra fyrst.

Nýútskrifaðir kennarar við skólann eru Niels Einarsson og Rakel Guðmundsdóttir

— Góð kennsla —
Allar nánari upplýsingar í síma 41557

Orðsending til bifreiðaeigenda

Ljósastillingar á vegum F.Í.B. verða að Borgarholtsbraut 69, Kópavogi (Vélvangur hf) á morgun laugardag kl. 10-17.
Félagsmenn fá 60% afslátt.

F.Í.B.

VÍSIR

Okkur vantar umboðsmann á

Neskaupstað

Upplýsingar í síma 28383

VÍSIR


Líf og list um helgina

Opnar 17. einkasýninguna að Kjarvalstöðum


Ágúst Petersen opnar sína 17. einkasýningu að Kjarvalstöðum á laugardaginn kl. 13. Á sýningunni eru 130 olíu-, vatnslita- og olíu-pastelmyndir. Síðasta einkasýning Ágústs var í Norræna húsinu árið 1975.

Myndirnar sem eru á sýningunni að Kjarvalstöðum eru flestar unnar á síðustu tveim til þrem árum. Hún verður opin til 15. október, virka daga frá kl. 16 til 22, en frá 14 til 22 um helgar.

—KP.



Ágúst Petersen við andlitsmyndir af þekktu fólki, en þær sýnir hann m.a. að Kjarvalstöðum. Vísismynd JA



Sigurþór Jakobsson opnar sýningu sína á laugardag. Vísismynd GVA.

Sigurþór Jakobsson sýnir í Norræna húsinu

Sigurþór Jakobsson opnar myndlistarsýningu í Norræna húsinu á laugardag kl. 4. Á sýningunni eru 102 myndir, olíumyndir, krítarmyndir og samklippur.

Sigurþór stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík og einnig var hann við nám í London.

Þetta er fjórða einkasýning hans, en hann hefur sýnt á Mokka og í vinnustofu sinni. Einnig hefur hann tekið þátt í haustsýningu FÍM þrisvar sinnum.

Sýning Sigurþórs verður opin daglega til 8. október frá kl. 14 til 22.

—KP.



Á sýningu Sigríðar er eingöngu myndvefnaður. Hér er hún við eitt verka sinna. Vísis-mynd GVA.

Myndvefnaður í FÍM salnum

Sigríður Candi hefur opnað sýningu á myndvefnaði í sýningarsal FÍM, Laugarnesvegi 112. Þetta er fyrsta einkasýning hennar hérlendis, en hún hefur haldið sýningar í Kanada, þar sem hún var búsett í sex ár.

Á sýningunni í FÍM salnum sýnir Sigríður eingöngu myndvefnað, en hún hefur einnig fengist við að mála og sýnt myndir sínar erlendis.

Sigríður stundaði nám í Myndlista og handíðaskólanum, en einnig hefur hún numið við Ecole des Beaux-Arts í Sviss og í Ontario College of Art í Toronto í Kanada. Sigríður kennir nú á listasviði í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti.

Sýningin verður opin til 8. október frá kl. 14 til 22 daglega,

—KP.

Kvennadeild Flugbjörgunarsveitarinnar með kaffisölu

Kvennadeild Flugbjörgunarsveitarinnar hefur vetrarstarfið með kaffisölu á sunnudag kl. 3.

Kaffiveitigar verða á Hótel Loftleiðum í Blómasal. Boðið er upp á gott meðlæti, heimabakaðar kleinur og smurbrauðstertur.

Við innganginn verða seldir happdrættismiðar og verða vinningar afhentir þegar kaffisölu lýkur. Meðal vinninga eru: Flugfar til London, grafíkmynd eftir Ragnheiði Jónsdóttur og ýmsir aðrir vinningar.

—KP.

Þjóðleikhúskórinn:

Syngja í Aratungu og á Hvolsvelli

Þjóðleikhúskórinn mun halda tónleika á Suðurlandi á sunnudag. Fyrri tónleikarnir verða á Hvolsvelli kl. 16 og þeir síðari í Aratungu kl. 21.

Söngskráin er sú sama og var flutt í Færeyjum, en kórinn er nýkominn úr mjög vel heppnaðri söngför þaðan. Þar voru flutt m.a. söngvar úr Ævintýri Hoffmans, Leðurblökunni, Oklahóma og My Fair Lady.

Einsöngvarar með kórnum eru Guðmundur Jónsson og Ingveldur Hjaltested, en stjórnandi er Ragnar Björnsson og undirleikari Agnes Löwe.

—KP.